

# TALIS-Teaching And Learning International Study

Ragnar F. Ólafsson

Júlíus K. Björnsson



NÁMSMATSSTOFNUN

# TALIS-Hvað er rannsakað?

- Starfspróun kennara.
- Mat á störfum kennara og endurgjöf er þeir fá.
- Viðhorf og skoðanir kennara til eigin kennslu.
- Hlutverk og starfshættir skólastjórnenda.

# Mikilvæg 3 einkenni

- Svör kennara og skólastjórnenda eru *huglæg* þ.e. upplifun þessara aðila á aðstæðum sínum og því er vel mögulegt að einhvers misræmis gæti á milli þess sem TALIS gefur til kynna og annarra tegunda upplýsinga um skólakerfið.
- Segir ekkert um *orsakir og afleiðingar*.
- Við samanburð á milli landa verður ætíð að taka tillit til *menningarlegs mismunar* þar sem hann hefur oft á tíðum kröftug áhrif á merkingu þeirra niðurstaðna sem rannsóknin gefur af sér.

# Undirbúningur

- Samvinnuverkefni:
  - OECD
  - 24 lönd
  - Samtök kennara og skólastjórnenda
  - Hópar sérfræðinga
  - IEA – stýrði framkvæmd.
- National Project Manager í hverju landi.
- Hvert land á fulltrúa í BPC-Board of participating countries.
- OECD hefur yfirstjórn – IEA sér um framkvæmd

# Þátttökulöndin

<i>OECD lönd</i>		<i>Önnur lönd</i>	
Ástralía	Írland	Pólland	Brasilía
Austurríki	Ítalía	Portúgal	Búlgaría
Belgía (flæmska)	Kórea	Spánn	Eistland
Danmörk	Mexíkó	Slóvakía	Litháen
Ungverjaland	Holland *	Tyrkland	Malta
Ísland	Noregur		Malaísía
			Slóvenía

# Rannsókninni er ætlað að:

- Skipta máli fyrir **stefnumótun** í menntamálum
- Gefa niðurstöður sem hafa merkingu og **praktíska** þýðingu fyrir löndin.
- Afla upplýsinga um stöðu þáttökulandanna og gera **samanburð mögulegan**.
- Afla upplýsinga sem nýtast sem **viðmið** (indicators) um stöðu og framþróun.
- Gefa niðurstöður sem eru áreiðanlegar og réttmætar og sambærilegar í öllum þáttökulöndunum.
- Afla upplýsinga á **ódýran** og skilvirkan hátt.

# Aðferð

- Markhópur: **Allir** kennarar á ISCED stigi 2 (unglingastigi) og á Íslandi jafnframt ISCED 1 kennarar (grunn- og miðstig).
- Úrtak: 200 skólar og 20 kennarar í hverjum skóla. Á Íslandi var rannsóknin framkvæmd á meðal allra kennara og í öllum skólum landsins.
- Svörun: 75% skóla og **75% kennara** í hverjum skóla. Ef þátttaka skóla féll undir 50% voru gögn skólans í heild ekki notuð.
- Aðferð: Spurningalistar 45 mínútur í svörun.

# Aðferð

- **Forprófun** fór fram í öllum þáttökulöndunum árið 2007. Tilgangurinn að prófa allar aðferðir og mismunandi tegundir spurningalista.
- Aðalprófun í mars til maí 2008.
- **Einungis notuð rafræn prófun** á Íslandi.
- Lagt fyrir alla grunnskólakennara.
- Alþjóðleg skýrsla 16. júní 2009 – rafræn útgáfa.
- Íslenskar frumniðurstöður 16. júní 2009 – rafrænt.



# Aldur kennara

	<i>Unglingastig</i>	<i>Yngsta- og miðstig</i>	<i>TALIS</i>
Yngri en 25 ára	2,7	2,5	3,0
25-29 ára	10,7	8,9	12,1
30-39 ára	26,1	28,6	28,0
40-49 ára	31,4	31,0	29,6
50-59 ára	22,9	23,3	23,5
60+ ára	6,2	5,7	3,3

# Menntun kennara

<i>Hæsta prófgráða</i>	<i>Unglingastig</i>	<i>Yngsta- og miðstig</i>
Lægri en háskólagráða	12,1	8,3
Kennararéttindanám	20,9	18,8
BA-, BS- eða B.Ed.-gráða	60,6	69,1
Meistaragráða	6,2	3,7
Doktorsgráða	0,1	0,1

# Lengd kennsluferils

		<i>Minna en eitt ár</i>	<i>1-2 ár</i>	<i>3-5 ár</i>	<i>6-10 ár</i>	<i>11-15 ár</i>	<i>16-20 ár</i>	<i>Meira en 20 ár</i>
Unglingastig	Hlutfall (%)	9,0	7,6	16,2	19,5	14,2	10,6	22,9
	Leiðrétt hlufall *	9,0	3,8	5,4	3,9	2,8	2,1	-
Yngsta- og miðstig	Hlutfall (%)	10,3	9,3	14,1	20,8	13,3	9,3	23,0
	Leiðrétt hlufall *	10,3	4,7	4,7	4,2	2,7	1,9	-

- Miðað við fjölda þeirra sem hafa kennt skemur en 1 ár, þá er eins og helmingsafföll verði á næstu tveimur árum þar á eftir. Fjöldi þeirra sem kennt hafa í 1-2 ár er helmingi minni, þegar leiðrétt hefur verið fyrir spönnina í svarmöguleikunum.

# Kynjaskipting kennara eftir kennslugreinum (hlutfall kvenna)

	U	Y og M
Lestur, ritun og bókmenntir	78,8	92,3
Stærðfræði	66,8	92,2
Náttúrufræði	57,7	92,5
Samfélagsfræði	59,5	92,5
Erlend tungumál	74,1	89,4
Upplýsinga- og tæknimennt	52,6	92,4
Listgreinar	72,8	93,0
Íþróttir, líkams- og heilsurækt	46,5	80,9
Trúarbrögð og/eða siðfræði	64,6	92,3
Verk- og starfsmenntun	73,5	93,3

# Starfsþróun

Tegund starfsþróunarverkefnis	Hlutfall kennara sem tók þátt í slíku verkefni	Áhrif á kennsluhæfni (meðaltal)	Staðalfrávik	Yngsta- og miðstig			Meðaltal TALIS
				Hlutfall	Áhrif	Staðalfrávik	
Námskeið/vinnustofa	72,1	3,03	0,66	76,7	3,14	0,58	81,2
Menntaráðstefnur eða málstofur	52,6	2,82	0,71	57,4	2,91	0,65	48,9
Réttindanám	19,2	3,52	0,66	13,6	3,54	0,64	24,5
Vettvangsferðir í aðra skóla	60,7	2,97	0,70	63,5	3,14	0,62	27,6
Þátttaka í samstarfi kennara (innan skóla eða utan)	82,9	3,2	0,65	86,3	3,42	0,60	40,0
Rannsóknaverkefni um efni á faglegu áhugasviði þínu (ein(n) eða í samvinnu)	18,2	3,43	0,64	15,9	3,48	0,64	35,4
Veitti leiðsögn og/eða fylgdist með og þjálfaði starfsfélaga sem hluta a formlegu skólalstarfi	33,8	2,94	0,67	33,0	3,04	0,61	34,9

- **1=engin áhrif; 2=lítill áhrif; 3=nokkur áhrif; 4=mikil áhrif**

# Um starfspróun

- Á yngsta- og miðstigi hafa fleiri kennarar tekið þátt í námskeiðum/vinnustofum, menntaráðstefnum eða málstofum og samstarfi kennara innan skóla eða utan.
- Kennarar á unglingastigi frekar tekið þátt í réttindanámi eða rannsóknaverkefni á faglegu áhugasviði þeirra.
- Um 20% íslenskra grunnskólakennara stunda **eng**a starfspróun – þrátt fyrir að skilgreining á starfspróun sé mjög rúm.

# Samanburður við önnur lönd

- *Rúmur fimmtungur kennara tók ekki þátt í neinu starfsþróunarverkefni á undanförunum 18 mánuðum á Íslandi.*
- *Í aðeins þremur löndum var þetta hlutfall óhagstæðara: Í Danmörku, Slóvakíu og Tyrklandi. Á Spáni höfðu allir kennarar tekið þátt í einhverju starfsþróunarverkefni.*
- *Að meðaltali taka um 89% kennara í TALIS-löndum þátt í a.m.k. einu starfsþróunarverkefni, en sú tala er um 77% hér á landi.*

# Ástæður?

- **Kostnaður** – Rúmir 2/3 kennara borga ekkert en um 1/4 borgar starfspróun “að hluta”.
- **Á vinnutíma/utan vinnutíma** – 57% var úthlutað tíma til starfspróunar á hefðbundnum vinnutíma – um 25% var ekki úthlutað tíma innan fasts vinnutíma – 18% tóku þátt í verkefnum, sem fóru ekki fram á hefðbundnum vinnutíma.
- Aðeins 16% fékk greidda **yfirvinnu** fyrir þátttöku í starfspróun utan vinnutíma.



# Ástæður - að mati kennaranna

<i>Ástæður</i>	<i>Hlutfall</i>	TALIS
Ég stóðst ekki forkröfurnar (t.d. hæfniskröfur, reynsla, starfsaldur)	1,7%	7,1%
Þjálfunin var of dýr/ég hafði ekki efni á henni	19,1%	28,4%
Fékk ekki stuðning frá vinnuveitanda mínum	6,7%	15,0%
Þjálfunin rakst á vinnutíma minn	42,4%	46,7%
Ég hafði ekki tíma vegna þess að ég þurfti að sinna fjölskyldu	36%	30,1%
Engin þjálfun í boði sem hentaði mér	47,2%	42,3%

# Meiri starfspróun - um hvaða efni?

<i>Svið frekari starfspróunar</i>	<i>Hlutfall sem tilgreinir frekar mikla eða mjög mikla þörf</i>	
	Unglingastig	Yngsta- og miðstig
Staðlar eða viðmið varðandi innihald og frammistöðu í aðalkennslugrein	54,9%	53,6%
Námsmatsaðferðir	65,2%	74,7%
Bekkjarstjórnun	45,0%	50,0%
Þekking og skilningur á aðalkennslugrein	45,4%	44,1%
Þekking og skilningur á kennslufræði í aðalkennslugrein	47,4%	48,0%
Færni í upplýsingatækni við kennslu	58,6%	68,2%
Kennsla nemenda með sértækar námsþarfir	75,6%	82,9%
Aga- og hegðunaryvandamál nemenda	59,0%	67,8%
Rekstur skóla og stjórnun	22,4%	22,4%
Kennsla í fjölmenningsrumhverfi	55,1%	61,6%
Nemendaráðgjöf	52,1%	55,8%

# Mat og endurgjöf

- Kennarar fá mat frá skólastjóra að meðaltali 1-2 á ári; frá öðru starfsfólki 1-2 á ári; frá utanaðkomandi aðila (stofnun/eftirlitsmanni) sjaldnar en á 2ja ára fresti.
- Kennarar á yngsta- og miðstigi fá endurgjöf frá öðru samstarfsfólki í skólanum lítið eitt oft en kennarar á unglíngastigi.
- Á unglíngastigi fá rétt tæplega 70% kennara aldrei mat/endurgjöf frá *utanaðkomandi aðila*, og um 30% fá aldrei mat frá skólastjóra og um 23% fá aldrei mat frá samstarfsfólki.

# Hvaða atriði skiptu máli við mat á kennurum (að mati kennara)?

	Ekki skoðað eða veit ekki	Skipti litlu eða nokkru	Skipti miklu
Einkunnir nemenda á prófum	55,8	38,3	5,9
Hlutfall nemenda sem stóðst prófkröfur	56,2	38,3	5,5
Aðrir mælikvarðar á frammistöðu nema	52,5	37,4	10,1
Viðbrögð nemenda við kennslu minni	31,4	42,6	26
Viðbrögð frá foreldrum	36,2	44,9	18,9
Hve vel ég vinn með skólastjóranum og samstarfsfólki	33,6	43,1	23,3
Beint mat á bekkjarkennslu minni	62,7	29	8,3
Nýbreytni í kennsluháttum	50,7	35,8	13,5
Gott samband við nemendur	25,2	41,8	33
Starfsþróunarverkefni sem ég hef tekið þátt í	53,6	37,6	8,8

# Hvaða atriði skiptu máli við mat á kennurum (að mati kennara)?

	Ekki skoðað eða veit ekki	Skipti litlu eða nokkru	Skipti miklu
Stjórnun í kennslustofunni	44,6	36,5	18,9
Þekking og skilningur á aðalkennslusviði mínu	44,9	33,2	21,9
Þekking og skilningur á kennsluaðferðum	50	32,8	17,2
Kennsla nemenda með sérþarfir í námi	56,8	31,6	11,6
Agi og regla í kennslustofu	38,7	42,8	18,5
Kennsla í fjölmenningsrumhverfi	74,9	20,4	4,7
Frístundavinna með nemendum	75,6	19,9	4,5
Annað	90,8	5,7	3,5

# Við mat á störfum kennara

- Árangur nemenda skipitir minna máli en viðbrögð þeirra sjálfra og annarra við kennslunni.
- *Gott samband við nemendur og viðbrögð nemenda við kennslunni* skipta mestu máli
- Hvernig kennarinn *vinnur með skólastjóranum og samstarfsfólki* og *viðbrögð foreldra*.
- *Þekking og skilningur á aðalkennslusviði* skiptir miklu máli, ásamt *aga og reglu í kennslustofu og stjórnun í kennslustofu*.
- *Einkunnir nemenda, hlutfall nemenda sem stenst próf eða aðrir mælikvarðar á frammistöðu* skipta greinilega minna máli.

# Áhrif mats á umbun og laun

- Matið eða endurgjöfin hefur haft minnst áhrif á líkindi til **laun**abreytinga eða stöðuhækkunar, en mest á tækifæri til starfsþróunar, opinberrar **viðurkenningar**, breytinga á starfsábyrgð og þátttöku í skólaþróunarverkefnum.
- Umbun fyrir vel unnin störf er því **ekki launatengd**, en felst mest í breytingum á starfsábyrgð og tækifærum til starfsþróunar. Almennt virðast áhrifin lítil.
- ÖNNUR LÖND: Í TALIS löndum virðast mat og endurgjöf á starfi kennarans almennt hafa **lítil áhrif** á aðstæður kennarans. Ísland er engin undantekning frá þeirri reglu. Innan við 10% kennara í þátttökulöndunum sögðu að mat og endurgjöf hefði nokkrar eða miklar breytingar í för með sér fyrir laun þeirra, aukagreiðslur eða aðra efnislega umbun.

# Áhrif mats á starfshætti kennara

- Tæp 31% kennara taldi að í matinu eða endurgjöfinni væru tillögur að því hvernig hægt væri að **bæta** ákveðna þætti í starfi kennarans.
- Rúm 80% kennara eru sammála eða mjög sammála því að matið eða endurgjöfin sem þeir hafa fengið sé **sanngjarn** mat á starfi þeirra sem kennari í skólanum. Einnig eru rúm 71% sammála eða mjög sammála því að matið eða endurgjöfin hafi **komið að gagni** við starfsþróun þeirra sem kennara.



## Afstaða kennara til fullyrðinga um mat og endurgjöf í skólanum

	Sam- mála
Skólastjóri gerir ráðstafanir til að breyta efnislegri umbun kennar sem sýnir vanhæfi til lengri tíma	28%
Annað starfsfólk umber viðvarandi vanhæfi kennara	32,9%
Kennurum er sagt upp vegna viðvarandi vanhæfni í starfi	34,6%
Skólastjórinn notar árangursríkar aðferðir til að ákvarða hvort kennarar standi sig vel eða illa	37,7%
Í skólanum er í framkvæmd starfsþróunaráætlun fyrir kennara til að bæta sig í starfi	45,5%
Kennarar sem ná bestum árangri fá mestu umbunina, fjárhagslega og annars konar	18,1%
Ef ég bæti gæði kennslu minnar fæ ég aukna umbun, fjárhagslega eða annars konar	17%
Ef ég beiti nýjungum í þessum skóla fæ ég aukna umbun, fjárhagslega eða annars konar	17%
Mat á störfum kennara er aðallega til að fullnægja kröfum yfirvalda	35,3%
Mat á störfum kennara hefur lítil áhrif á kennslu í skólastofunni	55,7

# Afleiðingar mats

- Talsverð breidd í viðhorfum kennara til gagnsemi og tilgangs endurgjafar eða mats á starfi kennara.
- Rúmlega þriðjungur telur að kennurum sem sýna viðvarandi vanhæfi í skólanum sé sagt upp.
- Á sama tíma telur um 56% að mat á störfum kennara hafi lítil áhrif á kennslu í skólastofunni.

# Kennsluhættir, viðhorf og skoðanir

	Unglingastig			Yngsta- og miðstig		
	Mjög sammála (%)	Meðaltal	Sf	Mjög sammála (%)	Meðaltal	Sf
Skilvirkir/góðir kennarar sýna hvernig á að leysa vandmálin á réttan hátt	29,1%	3,1	0,7	33,1	.32	0,7
Þegar ég tala um “slaka frammistöðu” á ég við frammistöðu sem er lakari en fyrri árangur nemandans	10,9%	2,8	0,6	13,4	2,9	0,7
Það er betra þegar kennarinn – ekki nemandinn – ákveður hvaða verkefni á að fást við	10,6%	2,7	0,7	8,5	2,6	0,7
Hlutverk mitt sem kennara er að hvetja nemendur í þekkingarleit	59,8%	3,6	0,5	60,4	3,6	0,6
Kennarar vita miklu meira en nemendur; þeir eiga ekki að láta nemendur koma með svör sem eru hugsanlega röng þegar þeir geta sjálfir útskýrt svörin beint	2,6%	1,8	0,7	1,7	1,7	0,6
Nemendur læra best með því að finna sjálfir lausnir á viðfangsefnum	34,7%	3,2	0,7	36,6	3,3	0,6
Kennsla ætti að snúast um viðfansefni með skýr, ákveðin svör og um hugmyndir sem flestir nemendur ná fljótt tökum á	5,7%	2,4	0,7	4,8	2,3	0,7
Það er undir grunnþekkingu nemenda komið hve mikið þeir læra – þess vegna er svo nauðsynlegt að kenna staðreyndir	3,0%	2,3	0,7	2,8	2,3	0,7
Nemendur ættu að fá tækifæri til það finna sjálfir lausnir á raunverulegum viðfangsefnum áður en kennarinn sýnir þeim hvernig á að leysa þau	31,5%	3,2	0,6	37,9	3,3	0,6
Þegar ég tala um “góða frammistöðu” á ég við frammistöðu sem er betri en fyrri árangur nemandans	19,1%	3,0	0,7	19,8	2,9	0,7
Yfirleitt þarf að vera hljóð í skólastofunni til að hægt sé að læra almennilega	7,2%	2,5	0,7	5,6	2,4	0,7
Rökhugsun og ályktunarhæfni er mikilvægari en tiltekið efni námskrárinnar	26,7%	3,1	0,6	25,8	3,1	0,6


## Kennsluhættir, viðhorf og skoðanir

- Niðurstöður dregnar saman í tvo meginvarða: “Constructivist”/hugsmíðahyggju og “Direct transmission”/beina yfirfærslu.
- Hugmyndir kennara um kennslu og nám: Frumkvæði þekkingarleitar eigi að liggja hjá nemanda, en felist ekki í ítroðslu staðreynda undir algeru forræði kennara.

# Hugsmíðahyggja og yfirfærsla

- Í engu þáttökulandi hafa kennarar meiri trú á Constructivist/hugsmíðahyggju fullyrðingum en á Íslandi.
- Niðurstöður í þessa veru eru jafnvel meira afgerandi meðal kennara á yngsta- og miðstigi en hjá kennurum á unglíngastigi.

# Hugsmíðahyggja og yfirfærsla



# Fullyrðingar um kennslu

- Um 61% þátttækenda eru ósammála því að borin sé **virðing** fyrir kennurum, þar af tæp 18% mjög ósammála. Af þessu má ljóst vera að tæpur fimmtungur kennara telur að starf þeirra sé ekki virt í sveitarfélaginu sem þeir búa í.
- Flestir eru sammála eða mjög sammála fullyrðingum um **góð samskipti** kennara og nemenda, og um áhuga kennara á **líðan** nemenda.
- Mikill meirihluti kennara hefur líka **gott sjálfstraust** í starfi, þ.e. telur sig hafa afgerandi áhrif á menntun nemenda, að þeir geti náð góðum árangri með jafnvel erfiðustu nemendum og yfir 90% eru sáttir við starf sitt í heildina.
- Konum fannst þær hafa meiri afgerandi áhrif á menntun nemenda sinna en karlar. Þær trúðu því frekar, að kennurum almennt fyndist mikilvægt að nemendum liði vel, og að kennarar hefðu áhuga á því sem nemendum lægi á hjarta.

# Fullyrðingar kennara um aðkomu skólastjóra

- Um 2/3 hlutar kennara telja að skólastjóri hafi unnið við að **setja markmið** og sjá til þess að þeim sé fylgt, bæði varðandi kennsluna og kennarann. Skólastjórinn **hrósi** þegar við á og sjái til þess að kennarar fái upplýsingar um möguleika á að endurnýja þekkingu sína og færni.
- Hins vegar eru afskipti og þátttaka skólastjóra mun minni, að mati kennara, þegar kemur að kennslunni sjálfri, þeir **fylgjast sjaldan með kennslunni beint**, koma sjaldan með tillögur um hvernig megi bæta hana, og eiga sjaldan frumkvæði að því að ræða málin þegar kennari á í vandræðum í kennslustofunni.
- **Breytileiki er mikill** í þessum viðhorfum, eins og hátt staðalfrávik ber með sér.



# Skólastjórnendur

<i>Aldursbil</i>	<i>Hlutfall (%)</i>
Yngri en 40 ára	9,9
40-49 ára	35,6
50-59 ára	44,6
60 ára eða eldri	9,9

- Karlar voru 51% skólastjóra.
- Um 2/3 hlutar skólastjóra eru með BA, BS- eða B.Ed.-gráðu. 18% með meistaragráðu.
- Allir skólastjórar hafa því einhverja reynslu sem grunnskólakennari, um þriðjungur á bilinu 6-10 ár.

# Stjórnun

	%
Ég gæti þess vel að þátttaka kennara í starfsþróun sé í samræmi við kennslumarkmið	91,6
Ég gæti þess að kennarar vinni í samræmi við kennslumarkmið skólans	88,3
Ég fylgist með kennslu í kennslustofum	36,5
Ég nota frammistöðu nemenda til að þróa kennslumarkmið skólans	44,8
Ég gef kennurum hugmyndir um hvernig þeir geta bætt kennslu sína	58,4
Ég fylgist með vinnu nemenda	75,8
Þegar kennari á í vandræðum í kennslustofunni hef ég frumkvæði að því að ræða mál	81,3
Ég læt kennara vita um möguleika á að endurnýja þekkingu sína og færni	91,7
Ég kanna hvort starfið í skólastofunum fari fram í samræmi við kennslumarkmið	50,6
Ég tek prófniðurstöður með () þegar ég tek ákvarðanir varðandi þróun námskrár	51,0
Ég sé til þess að enginn vafi leiki á hver ber ábyrgðina á () framkvæmd skólanámskrár	78,7
Þegar kennari greinir frá vandamáli í kennslustofunni leysum við það saman	100,0
Ég fylgist með truflandi hegðun í skólastofunum	75,8
Ég hleyp í skarðið fyrir kennara sem eru fjarverandi án fyrirvara	54,8

# Stjórnun - samantekt

- Lítil bein afskipti skólastjóra af því sem fram fer í **skólastofunni**. T.d. "fylgjast með kennslu í kennslustofum"
- Skólastjórar leggja litla áherslu á að gefa kennurum hugmyndir um hvernig þeir geti bætt kennslu sína.
- Taka lítið mið af frammistöðu nemenda til að þróa kennslumarkmið skólans.
- Hins vegar segja langflestir skólastjórar að þátttaka kennara í starfsþróun sé í samræmi við kennslumarkmið skólans, að þeir láti kennara vita um möguleika á að endurnýja þekkingu sína og færni, að þeir gæti þess að kennarar vinni í samræmi við kennslumarkmið skólans. Þeir segjast einnig leysa það saman, þegar kennari greinir frá vandamáli í kennslustofunni.

# Vinnutími skólustjóra

	%
Innri stjórnun (t.d. starfsmannamál, reglur, skýrslur, fjármál, stundartafla)	44,8
Námskrár og verkefni tengd kennslu (þ.m.t. kennsla, undirbúningur kennslu, eftirlit í skólastofum, leiðsögn kennara)	21,0
Svara fyrirspurnum frá skólaskrifstofu, sveitarfélagi, ríki eða embættismönnum menntakerfisins	11,5
Mæta sem fulltrúi skólans á fundi eða annars staðar í samfélaginu og tengslamyndun	11,3
Annað	11,4

# Mat á starfi kennara – hvað skiptir máli?

	Skipti máli (%)
Einkunnir nemenda á prófum	43,3
Hlutfall nemenda sem standast prófkröfur	37,8
Aðrir mælikvarðar á frammistöðu nemenda	53,7
Viðbrögð nemenda við kennslunni sem þeir fá	53,1
Viðbrögð frá foreldrum	74,4
Hversu vel kennarar vinna með þér, skólastjóranum og samstarfsfólki sínu	69,5
Beint mat á bekkjarkennslu	33,3
Nýbreytni í kennsluháttum	51,2
Samband kennara og nemenda	56,6

# Mat á starfi kennara – hvað skiptir máli? (frh.)

	Skipti máli (%)
Starfsþróunarverkefni sem kennarar hafa tekið þátt í	56,7
Stjórnun kennara í kennslustofnunni	42,2
Þekking og skilningur kennara á aðalkennslusviði sínu	29,2
Þekking og skilningur kennara á kennsluaðferðum (miðlun þekkingar) í aðalkennslugrein sinni	35,8
Kennsla nemenda með sérþarfir	71,1
Agi og hegðun nemenda	68,3
Kennsla í fjölmeningarumhverfi	23,1
Frístundavinna með nemendum (leikrit og skemmtanir, íþróttir)	33,3

# Mat á skólastarfi (samantekt)

- Einkunnir og hlutfall nemenda sem stenst **prófkröfur** skiptir máli við mat á skólastarfi í innan við helmingi tilfella. Ýmsir þættir varðandi kenningu sjálfa skipta líka aðeins litlu máli.
- Stjórnun kennara í kenningu, sem kemur stundum til kasta skólastjórans, skiptir máli í mat á skólastarfi í tæplega helmingi tilfella, en **agi og hegðun** nemenda skiptir máli í um 2/3 hluta tilfella.
- **Gæði samskipta** skipta máli, þ.á m. viðbrögð frá foreldrum og það hversu vel kennarar vinna með skólastjóra og samstarfsfólki sínu.
- Kennsla nemenda með **sérþarfir** skiptir máli í 71% tilvika, en kenningu í fjölmenningsumhverfi í um rúmlega fimmtungi tilfella.

# Áhrif mats á ýmsa þætti

	<i>Mikil eða nokkur áhrif (%)</i>
Fjárhag skólans	16,0
Viðbrögð við fámistöðu þessa skóla	59,2
Mat á frammistöðu skólastjórnenda	52,4
Mat á frammistöðu einstakra kennara	46,9
Aðstoð sem kennarar fengu til að bæta kennsluhætti sína	40,7
Þóknun og aukagreiðslur til kennara	12,2



# Áhrif mats á ýmsa þætti

	%
Breyting á launum	31,9
Aukagreiðsla eða annars konar efnisleg umbun	51,4
Breyttar líkur á stöðuhækkun	51,4
Tækifæri til starfsþróunar	84,7
Breytingar á starfsábyrgð kennara sem gerir starf þeirra eftirsóknarverðara	79,2
Þróunar eða þjálfunaráætlun til að bæta kennslu þeirra	83,3

# Hvað torveldar kennslu?

	<i>Hindrar kennslu (%)</i>
Skortur á réttindakennurum	40.5
Skortur á tæknifólki	37.1
Skortur á starfsfólki stofnþjónustu vegna kennslu	40.5
Skortur á öðru starfsfólki	28.1
Skortur á eða ófullnægjandi kennslugögn (t.d. kennslubækur)	17
Skortur á tölvum eða ófullnægjandi tölvukostur til að nota í kennslu	29.2
Skortur á öðrum tækjum	24.7
Ófullnægjandi bókasafnsþjónusta	32.5

# Hegðun nemenda

Hegðun nemenda	Hefur neikvæð áhrif (%)
Mæta of seint í skólann	18,0
Fjarvistir	14,6
Truflun í skólastofu	50,6
Svindl	2,2
Blótsyrði	16,9
Skemmdarverk	8,9
Þjófnaður	4,6
Kúgun eða svívirðingar gagnvart öðrum nemendum (eða annars konar einelti)	11,2
Líkamsmeiðingar á öðrum nemendum	5,6
Kúgun eða svívirðingar gagnvart kennurum eða starfsfólki	5,6
Notkun/varsla fíkniefni og/eða áfengis	3,4

# Hegðun kennara

Hegðun kennara	<i>Hefur neikvæð áhrif (%)</i>
Mæta of seint	4,5
Fjarvistir	19,3
Ófullnægjandi undirbúningur kennslu	12,6

# Aðhvarfsgreining: Trú á eigin getu

	<i>Hallat ala</i>	<i>Staðalvilla (SE)</i>
Fjöldi daga sem varið er í starfsþróun	0,004	0,002
Mælikvarði á “Constructivist beliefs” um kennslu	0,150	0,029
Mælikvarði á “Direct transmission” í kennslu	0,126	0,038
Mælikvarði á faglega sammvinnu	0,129	0,035
Mælikvarði á kennsluhætti: “Structuring”	0,139	0,032
Mælikvarði á gæði samskipta nemenda og kennara	0,250	0,030
Mikilvægir þættir í kennaramati og endurgjöf: Nýbreytni í kennsluháttum.	0,189	0,075
Mat kennara á því hvort nemendur í viðkomandi bekk séu yfir meðallagi nemenda á sama aldri.	0,179	0,073

# Túlkun

- Samskipti nemenda og kennara - og fagleg samvinna -
- Jafnframt hefur tvennskona hugmyndafræði á bak við kennsluaðferðir (Bein yrifrærsla og Hugsmíðahyggja) jafnmikil áhrif á eigin getu.
- S.s. kennari, sem hefur eindregna afstöðu til ákveðinnar hugmyndafræði um kennslu, finnur fyrir meira öryggi í starfi, óháð innihaldi stefnunnar.
- Af þeim þremur kennsluaðferðum sem mældar voru með sérstökum kvörðum hefur "structuring"/skipulag mest tengsl við mat á eigin getu. Það er sú kennslunálgun sem lætur mest frumkvæði í kennslustofunni vera í höndum kennarans. Þessi kvarði vísar til þess að sá sem fær hátt á honum kýs að hafa sterkt skipulag á vinnunni og góða stjórn á öllu sem gerist í kennslustundinni.
- Námsgeta nemendanna skiptir líka máli. Ef hátt hlutfall nemenda er yfir meðallagi, þá finnst kennaranum hann ná árangri: Mat á eign getu er þá hátt.

# Ísland í alþjóðlegum samanburði - nokkur atriði -

- Trú kennara á eigin getu og starfsánægja er fyrir **ofan meðallag** á Íslandi
- Á Íslandi verja kennarar tiltölulega litlum tíma – í samanburði við önnur lönd – til kennslu og náms, og mælikvarðar á **agavandamál** í tímum eru frekar óhagstæðir.

# Starfsþróun -

- 77% kennara taka þátt í **starfsþróunarverkefnum** – vel fyrir neðan TALIS meðaltalið sem er 89%.
- Meðalfjöldi starfsþróunardaga var 10,7 dagar (15,3 dagar að meðaltali í TALIS-löndum).
- Íslenskir kennarar **borga minna** sjálfir fyrir eigin starfsþróun og fá oftar tíma úthlutað til þess af venjulegum vinnutíma en samanburðarlönd.
- **Áhugi** á frekari starfsþróun – umfram það sem þegar hefur fengist – er mun minni á Íslandi en í samanburðarlöndum.



# Kennsluhættir, viðhorf og skoðanir -

- Íslenskir kennarar eru meiri **constructivistar** en nokkur önnur þjóð í TALIS
- Samvinna kennara er frekar í formi **samræðna og skoðanaskipta** en samkennslu, sem er frekar lítil á Íslandi í samanburði við önnur TALIS lönd.

## Mat og endurgjöf -

- 17% kennara á Íslandi hafði ekki fengið neina **endurgjöf** eða mat í skólanum (TALIS=13%).
- 17% kennara á Íslandi segjast hljóta einhvers konar **umbun** í framhaldi af mati eða endurgjöf. Þetta er lægra hlutfall en í öðrum TALIS – löndum þar sem að meðaltali 25% fá slíka umbun.

# Kennaranám

Kennslugrein	Hlutfall (%) kennara sem fékk kennslu í greininni í kennarnámi þeirra
Lestur, ritur og bókmenntir	75,5
Stærðfræði	73,0
Náttúrufræði	71,3
Samfélagsfræði	58,8
Erlend tungumál	59,2
Upplýsinga- og tæknimennt	52,0
Listgreinar	81,0
Íþróttir, heilsu- og líkamsrækt	87,1
Trúarbrögð og/eða siðfræði	16,7
Verk- og starfsmenntun	59,3
Annað	54,1

# Áhrif menntunar kennara

- Hversu hátt hlutfall kennara á hverju menntunarstigi er að kenna grein sem var hluti af kennaramenntun þeirra?
- Aðeins um 41% kennara sem eru ekki með háskólagráðu kenna grein sem var hluti af kennaranámi þeirra, en hlutfallið er mun hærra fyrir önnur menntunarstig: Kennarréttindanám (75,1%), Bakkalár-gráða (73,1%) og Meistaragráða (71,4%).

# Kennarar án háskólaprófs

- Munurinn milli þessa hóps og annarra menntunarhópa en mun meiri en milli annarra menntunarhópa innbyrðis.
- Minni trú á eigin getu

# Kennarar án háskólaprófs

## ■ Starfspróun

- Telja sig hafa þörf fyrir meiri starfspróun,
- en verja þó til þess minni tíma

## ■ Kennsluhættir

- Aðhyllast kennsluhætti, sem miða að því að kenna nemendum einfaldar staðreyndir
- Ahyllast síður hugsmíðahyggju
- Taka minni þátt í samvinnuverkefnum meðal kennara

# Kennarar án háskólaprófs

- **Mat og endurgjöf**
- Jákvæðari en aðrir á gagnsemi mats/endurgjafar. Rekja til þess ýmsar breytingar á starfsháttum þeirra
- Finna meira fyrir aðhaldi, stuðningi og eftirliti frá skólastjóra
- Kenna smærri bekkjum

# Nokkrar helstu niðurstöður

- Menntun kennara er minni hér á landi en víðast hvar í þáttökulöndum TALIS.
- Færri eru með meistaragráðu eða meira og fleiri eru með menntun lægri en háskólagráðu. Þó ber að hafa í huga að stúdentspróf er tekið hér á landi að jafnaði einu til tveimur árum síðar en í öðrum þáttökulöndum TALIS.
- Talsvert brottfall er úr kennarastétt eftir fyrsta ár í kennslu.



# Nokkrar helstu niðurstöður

- Fimmti hver kennari tók ekki þátt í neinu starfsþróunarverkefni undanfarna 18 mánuði. Rúmlega 70% kennara taka þátt í starfsþróunarverkefnum í 10 daga eða minna á sama tímabili.
- Tæpir  $\frac{3}{4}$  hlutar kennara fengu ekki greidda yfirvinnu vegna starfsþróunarverkefna sem þeir tóku þátt í utan hefðbundins vinnutíma.
- Lestur fræðiritra og óformleg skoðanaskipti um hvernig megi bæta kennsluna eru nokkuð algengari hér á landi en í öðrum TALIS löndum.
- Réttindanám og rannsóknaverkefni eru minna stunduð hér á landi en víða annars staðar í þátttökulöndum.
- Áhugi á frekari starfsþróun er miklu minni á Íslandi en annars staðar í TALIS- löndum.
- Kennara óska eftir meiri starfsþróun á sviði kennslu nemenda með sértækar námsþarfir, námsmats og um aga- og hegðunarvandamál

# Nokkrar helstu niðurstöður

- Kennarar fá að meðaltali mat/endurgjöf frá skólastjóra um einu sinni á ári, frá öðru samstarfsfólki 1-2 skipti á ári – og frá utanaðkomandi stofnun sjaldnar en einu sinni á tveggja ára fresti.
- Einkunnir nemenda skipta litlu máli í mati á störfum kennara. Gott samband við nemendur, foreldra og samstarfsfólk í skólanum skiptir meira máli. Þekking og skilningur á aðalkennslusviði skiptir einnig minna máli í mati á störfum kennara.

# Nokkrar helstu niðurstöður

- Mat/endurgjöf hefur lítil áhrif á launakjör kennara, en meiri áhrif á tækifæri til starfsþróunar eða þátttöku í skólaþróunarverkefnum.
- Matið breytir tiltölulega litlu um starfshætti kennarans. Mest eru áhrifin á áætlanir um að bæta kennsluna.
- Rúmlega 80% kennara finnst matið eða endurgjöfin sanngjörn og rúm 70% telja að matið hafi komið að gagni við starfsþróun þeirra sem kennara.

# Nokkrar helstu niðurstöður

- Kennarar hér á landi aðhyllast hugmyndir Constructivisma/hugsmíðahyggju um kennslu meira en í nokkru öðru þáttökulandi. Jafnframt hafna þeir hugmyndum um hefðbundna beina kennslu (Direct transmission).
- Kennsluaðferðir karla eru meira í anda hefbundinnar kennslu en aðferðir kvenna.
- Kennarar telja að skólastóri hafi fremur lítil afskipti af kennslunni, fylgist lítið með henni beint og komi sjaldan með tillögur að bættum kennsluháttum.

# Nokkrar helstu niðurstöður

- Aðeins um 40% kennara telja að borin sé virðing fyrir starfi kennara í sveitarfélaginu sem þeir starfa í.
- Tiltrú kennara á eigin getu er með besta móti á Íslandi í samanburði við önnur þáttökulönd TALIS. Jafnframt er starfsánægja góð hér á landi.